

Þriðjudagur, 29. október 2019

Ákvörðun nr. 36/2019

Kaup Ramma hf. á Sigurbirni ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Með bréfi dags. 19. september 2019, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um fyrirhuguð kaup Ramma hf. (Rammi) á öllu virku hlutafé í Sigurbirni ehf. (Sigurbjörn). Að mati Samkeppniseftirlitsins felur framangreindur gerningur í sér samruna sem er tilkynningarskyldur í skilningi 17. gr. a. laganna. Meðfylgjandi tilkynningunni var samrunaskrá í samræmi við 1. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005. Um svokallaða styttri samrunatilkynningu var að ræða skv. 6. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga, sbr. viðauka II við reglur nr. 684/2008 um tilkynningu samruna og málsmeðferð í samrunamálum. Eftirlitið mat þá skrá fullnægjandi í samræmi við ákvæði samkeppnislaga og reglur eftirlitsins um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum.

Við meðferð málsins óskaði Samkeppniseftirlitið upplýsinga og sjónarmiða frá aðilum sem kunna að verða fyrir áhrifum af samrunanum. Á meðal framkominna sjónarmiða eru áhyggjur af byggð í Grímsey, gangi samruninn eftir. Þau sjónarmið varða hins vegar ekki mat á samkeppnislegum áhrifum samrunans, eins og mál þetta horfir við.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting á yfirráðum verður til frambúðar. Er nánar tilgreint í a. til d. liðum 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga í hverju samruni getur falist. Í a. lið 1. mgr. er sagt að þetta geti gerst vegna samruna tveggja eða fleiri fyrirtækja eða hluta úr fyrirtækjum sem áður störfuðu sjálfstætt. Í þessu tilviki felst samruni í kaupum á hluta af rekstri annars fyrirtækis.

1. Samrunaaðilar

Í samrunaskrá kemur fram að þann 15. ágúst 2019 hafi Rammi gert öllum hluthöfum Sigurbjarnar tilboð um kaup alls virks hlutafjár í hinu síðarnefnda félagi. Var tilboð þetta samþykkt og skrifuðu aðilar undir kaupsamning þann 17. september 2019.

Þá er einnig gerð grein fyrir því að starfsemi Ramma felist í rækjuvinnslu á Siglufirði, en afurðir rækjuvinnslunnar séu pilluð og frosin rækja. Þá sinnir félagið fiskvinnslu í Þorlákshöfn en afurðir fiskvinnslunnar séu frosinn humar og humarafurðir, sprautusaltaður og frosinn þorskur, frosnar afurðir úr karfa, langlúra, stórkjafra, djúpkarfi og fiskbein og hausar. Félagið eigi einnig frystitogarann Sólberg og fari vinnsla fram um borð í honum,

sem felst í sjófrystum fisk, s.s. þorsk, ýsu, ufsa, karfa, grálúða og öðrum meðafla, sem og vinnslu fiskimjöls og lýsis.

Dótturfélög Ramma, skv. samrunaskrá eru eftirfarandi: Rammi á allt hlutafé í Arctic Seafood Ltd., en félagið er skráð í Englandi. Starfsemi félagsins byggir á heildsölu á fiski og rækju í Englandi. Rammi á allt hlutafé í Primex ehf., en félagið starfar á sviði sjávarlíftækni og er tilgangur félagsins aðallega að vinna að verkefnum á sviði efnavinnslu og líftækni, þ.e. tilraunum, þróunarvinnu, framleiðslu og sölu á skyldum afurðum. Félagið annast framleiðslu á kítín og kítósan úr úrgangi frá rækjuvinnslum. Primex ehf. á allt hlutafé í Primex Medical Investments ehf., en engin starfsemi er í félaginu. Rammi hf. á allt hlutafé í Hafnarhrynu ehf., en engin starfsemi er í félaginu.

Rammi fer einnig með eignarhluti í eftirtöldum félögum skv. samrunaskrá: Rammi á 25% hlutafé í Valberg ehf., en engin starfsemi er í félaginu. Rammi á 16,3% hlutafé í Atlas hf., en starfsemi félagsins byggir á sölu og þjónustu á búnaði fyrir sjávarútveg og iðnað. Rammi á 6,4% hlutafé í Þórsmörk ehf., en félagið er eignarhaldsfélag um félög í útgáfustarfsemi. Rammi á 6,1% hlutafé í félaginu Salka-Fiskmiðlun hf., en starfsemi félagsins byggir á útflutningi og verslun með sjávarafurðir. Rammi á 3,3% hlutafé í Kuldabola ehf., en félagið rekur frystivörðuhótel sem þjónar matvælaframleiðendum.

Samkvæmt samrunaskrá starfrækir Sigurbjörn fiskvinnslu í Grímsey en afurðir fiskvinnslunnar séu aðallega flattur saltfiskur. Þá sé heill fiskur endurseldur af bátum félagsins á fiskmarkaði innanlands, endurseld grásleppa af bátum félagsins sem sé seld til tveggja féлага innanlands, Marúlfss ehf. og Sverris Björnssonar ehf. og svo endurseld lifur af bátum félagsins sem seld sé til Lýsis hf.

Dótturfélög Sigurbjörns skv. samrunaskrá eru eftirfarandi: Sigurbjörn á allt hlutafé í Árnaflúð ehf., en félagið hefur með höndum starfsemi er snýr að útgerð fiskiskipa og annan skyldan rekstur. Eina eign félagsins er aflahlutdeild sem félagið leigir til Sigurbjarnar. Sigurbjörn á allt hlutafé í Bratta ehf., en félagið hefur með höndum starfsemi er snýr að útgerð fiskiskipa. Eina eign félagsins er aflahlutdeild sem félagið leigir til Sigurbjarnar. Sigurbjörn á allt hlutafé í Sandvík ehf., en félagið hefur með höndum starfsemi er snýr að útgerð smábáta. Eina eign félagsins er aflahlutdeild sem félagið leigir til Sigurbjarnar.

2. Markaðir málsins

Í samrunaskrá segir að starfsemi beggja samrunaaðila snúi að útgerð, þ.e.a.s. markaði fyrir veiðar á fiski við Ísland, auk fiskvinnslu og sölu á sjávarafurðum. Starfsemi félaganna sé því á sama sviði og um láréttan samruna að ræða. Því er þó haldið fram af hálfu samrunaaðila að afurðir fiskvinnslu þeirra séu þó ekki alveg sambærilegar.

Markaður fyrir veiðar á fiski við Ísland

Svo sem fram kemur í samrunaskrá miða samrunaaðilar markaðsskilgreiningu í máli þessu við eldri ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins.¹ Markaðir málsins skv. samrunaskrá eru því markaður fyrir veiðar á botnfiski við Ísland og markaður fyrir vinnslu og sölu sjávarfangs frá Íslandi.² Samrunaaðilar halda því fram að nánari sundurliðun á markaði fyrir fiskveiðar,

¹ Einkum ákvörðun Samkeppniseftirlitsins í málum nr. 10/2013, nr. 6/2014 og 6/2017.

² Sbr. t.d. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins í máli nr. 6/2014.

ekki þurfa frekari umfjöllun þar sem samrunaaðilar stunda báðir að meginstefnu til veiðar á botnfiski og vísa til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins 10/2013, *Kaup Síldarvinnslunnar hf. á Bergi Hugin ehf.* Í fyrrnefndri ákvörðun var markaði fyrir fiskveiðar skipt eftir því hvort um var að ræða veiðar á botnfiski eða uppsjávarfiski. Til uppsjávarfisks telst síld, loðna, kolmuni og makrill. Sigurbjörn fékk úthlutað aflaheimildum fyrir samtals [

.] ³ Samkvæmt samrunaskrá er það mat samrunaaðila að ekki sé því skörun á veiðum samrunaaðila í aflaheimildum um makríl.

Að mati samrunaaðila er landfræðilegur markaður fyrir fiskveiðar Ísland. Um það mat vísast m.a. til framangreindrar ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 10/2013 þar sem málið varðaði starfsemi útgerða á Íslandi sem fela í sér fiskveiðar á grundvelli veiðiheimilda sem úthlutað er skv. lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða og innbyrðis viðskipti með þær og ráðstöfun á þeim afla þegar honum er landað hér á landi.

Markaður fyrir vinnslu og sölu á sjávarafurðum

Samkvæmt samrunaskrá starfrækir Rammi rækjuvinnslu á Siglufirði og fiskvinnslu í Þorlákshöfn, auk vinnslu sem fram fer á frystitogaranum Sólberg sem er í eigu félagsins. Afurðir rækjuvinnslunnar séu pilluð og frosin rækja en afurðir fiskvinnslunnar séu frosinn humar og humarafurðir, sprautusaltaður og frosinn þorskur, frosnar afurðir úr karfa, langlúra, stórkjafra, djúpkarfi og fiskbein og hausar. Á Sólbergi sé fiskur sjófrystur, s.s. þorskur, ýsa, ufsi, karfi, grálúða og annar ýmiss meðafli og svo unnið fiskimjöl og lýsi. Samkvæmt samrunaskrá starfrækir Sigurbjörn fiskvinnslu í Grímsey en afurðir fiskvinnslunnar séu aðallega flattur saltfiskur. Þá sé endurseldur heill fiskur af bátum félagsins á fiskmarkaði innanlands, endurseld grásleppa af bátum félagsins sem seld er til tveggja félaga innanlands, og svo endurseld lifur af bátum félagsins sem seld er til Lýsis hf.

Í ljósi niðurstöðu málsins telur Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til að skilgreina markaði málsins með öðrum hætti eða ítarlegri en gert er af hálfu samrunaaðila. Þá standa ekki rök til þess, að svo stöddu, að gera athugasemdir við sjónarmið samrunaaðila um landfræðilega afmörkun markaða sem fram er sett af hálfu samrunaaðila.

3. Staða samrunaaðila á mörkuðum málsins

Samrunaaðilar starfa báðir undir íslenskum lögum um stjórn fiskveiða. Starfsemi þeirra snýr því að útgerð og fiskvinnslu. Samkvæmt upplýsingum í samrunaskrá gerir Rammi út fjögur skip frá Fjallabyggð og Þorlákshöfn og starfrækir bolfisk-, flatfisk- og humarvinnslu í Þorlákshöfn og rækjuverksmiðju í Fjallabyggð. Sigurbjörn geri út tvö skip frá Grímsey og hafi þar jafnframt fiskvinnslu með höndum. Samrunaaðilar kveðast selja afla og afurðir sínar ýmist á mörkuðum erlendis eða hér á landi. Rammi selji t.a.m. afurðir sínar ýmist unnar eða óunnar til eigin fiskvinnslu á Íslandi eða fiskmarkaða á Íslandi eða annarra landa, s.s. Bretlandi, Spáni, Bandaríkjunum eða til landa í Asíu. Sigurbjörn selji afurðir sínar ýmist til Portúgals og Spánar, á fiskmarkaði innanlands eða beint til viðskiptavina.

Samkvæmt upplýsingum af heimasíðu Fiskistofu um úthlutun heildarafla eftir þorskígildum fyrir fiskveiðiárið 2019/2020, hefur Fiskistofa úthlutað rúmum 371 þúsund tonnum í

³ Fellt brott vegna trúnaðar.

þorskígildum.⁴ Þar af fékk Rammi hf. úthlutað tæpum 15 þúsund tonnum í þorskígildum, eða sem nemur um 4,03% hlutfalli af úthlutuðum þorskígildum. Sigurbjörn ehf. fékk úthlutað samtals 1 þúsund tonn í þorskígildum, eða sem nemur um 0,265% hlutfalli af úthlutuðum þorskígildum.

Samkvæmt því má ætla að eftir samruna verði heildaraflamagn samrunaaðila af heildarúthlutun afla um 4,295%. Samruni félaganna myndi því ekki leiða til þess að markaðsráðandi staða eins eða fleiri samrunaaðila verði til eða styrkist á markaði fyrir veiðar á botnfiski við Ísland.

Að mati samrunaaðila er landfræðilegur markaður fyrir vinnslu og sölu á sjávarafurðum alþjóðlegur og eigi samrunaaðilar viðskipti við nokkur lönd og landssvæði. Samrunaaðilar telja sér ekki fært að áætla markaðshlutdeild á markaði fyrir vinnslu og sölu á sjávarafurðum, þar sem samrunaaðilar hafi ekki tök á að afla upplýsinga um öll þau fyrirtæki sem vinna og selja sjávarafurðir á sömu landssvæðum og þeir. Samkvæmt samrunaskrá telja samrunaaðilar að landfræðileg skörun sé einungis smávægileg, þ.e. báðir aðilar selja fisk til Spánar og á fiskmarkaði innanlands. Vísuðu samrunaaðilar til fyrri ákvarðanna Samkeppniseftirlitsins, þar sem fjallað hefur verið um markað fyrir vinnslu og sölu á sjávarfangi. Er það mat samrunaaðila að túlka beri fyrirbyggjandi gögn á þann hátt að umræddir markaðir teljist það stórir að hlutdeild íslenskra félaga væri hverfandi eða verulega lág.⁵

Samkvæmt tölulegum upplýsingum um úthlutað þorskígildistonnum frá Fiskistofu má álykta að hlutdeild samrunaaðila á markaði fyrir veiðar á fiski við Ísland sé ekki slík að ástæða sé til að rannsaka þann þátt frekar. Samkeppniseftirlitið telur áþekka niðurstöðu einnig eiga við um stöðu samrunaaðila á markaði fyrir vinnslu og sölu á sjávarafurðum.

III.

Niðurstaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist eða hvort samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Í þessu máli er um að ræða samruna fyrirtækja sem starfa að nokkru leyti til á sömu eða tengdum mörkuðum. Starfsemi sú er mál þetta varðar er annars vegar veiðar á fiski við Ísland og hins vegar vinnsla og sala á sjávarafurðum, en sú starfsemi fer að nokkru marki fram utan Íslands.

Að gögnum málsins virtum er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að kaup Ramma á Sigurbirni leiði ekki til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist, eða að samkeppni verði raskað að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Af þeim sökum er það

⁴ <http://www.fiskistofa.is/veidar/aflaheimildir/uthlutadaflamark/>

⁵ Sbr. t.d. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins í málum nr. 36/2017 og nr. 30/2018.

niðurstaða eftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna þessa samruna, s.s. með íhlutun í formi ógildingar eða setningu skilyrða.

**IV.
Ákvörðunarorð**

„Kaup Ramma hf. á Sigurbirni ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson